

Leikskólinn Krílabær
Litlulaugum Þingeyjarsveit
650 Laugar
s.4643315/8420050
krilabaer@thingeyjarskoli.is

Fréttabréf febrúarmánaðar 2025

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
2.	3. Soðinn fiskur	4. Smásteik	5. Lokar kl. 15:00 Bleikja	6. Dagur leikskólans kjöt í karrý	7. Skyr og brauð	8.
9.	10. Fiskilummur/fiskibol lur	11. Lasagne	12. Steiktur fiskur	13. Slátur	14. Mjólkurgrautur og slátur	15.
16.	17. Bleikja	18. Hamborgara	19. Snitsel	20. Plokkfiskur	21. Jógúrt og brauð	22.
23. Konudagur	24. Hefðarkvennakaffi Kl. 15:00-16:00 Soðinn fiskur	25. Hakk og spaghetti	26. Fiskur í ofni	27. kjötbollur	28. Mjólkurgrautur	

Alla morgna er boðið uppá hafragraut, 2 tegundir kornmetis, súrmjólk, lýsi, rúsínur, mjólk og vatn. Grænmeti er borið fram með öllum mat í hádeginu.

Í nónhressingu er boðið uppá heimabakað brauð, hrökkbrauð, álegg, mjólk, vatn og ávexti. Einn dag í viku er einnig boðið sætabrauð.

Á íþróttadögum er gott að koma í stuttbuxum undir dagklæðnaði og eins er gott að dagklæðnaður sé þægilegur til íklæðslu fyrir börnin að íþróttum loknum

Barnafjöldi í Krílabæ

Við byrjuðum skólaárið með 5 nemendum með vitneskju um að 6. barnið bættist við í janúar. Nú hefur 7. barnið hafið leikskólagöngu sína í Krílabæ en það er hún Sunna Björg Ragnarsdóttir búsett í Reykjahlíð í Mývatnssveit og bjóðum við hana og fjölskyldu hennar velkomna til okkar. Síðan bættist í hópinn núna um mánaðarmótin stúlka sem mun vera með okkur um stundarsakir en hún heitir Þórdís Ylfa Elvarsdóttir og býr á Akureyri, við bjóðum hana og fjölskyldu hennar einnig velkomna til okkar.

febrúar fréttabréf 2025

Símasamband

Minum á símann okkar **8420050**

Dagur leikskólans

Sú hefð hefur skapast að við gerum okkur dagamun á degi leikskólans sem er 6. febrúar. En þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Helsta markmið með degi leikskólans er að stuðla að jákvæðri umræðu um leikskólastarf og um leið beina athygli samfélagsins að því faglega og metnaðarfulla starfi sem unnið er í leikskólum landsins á hverjum degi.

Af þessu tilefni ætla börnin í Krílabæ að opna listsýningu í stjórnsýsluhúsinu Þingey á Laugum, þar sem mun gefa að líta ýmiskonar listaverk af vinnu þeirra síðustu vikur.

Sýningin mun standa í ca 10 daga og við vonum að þið hafið tök á að skoða og njóta.

Hefðarkvennakaffi

Í tilefni konudags bjóðum við í „Hefðarkvennakaffi“ 24.febrúar kl 15:00-16:00 og eru þá „hefðarkonur“ velkomnar í kaffi (mömmur, ömmur og aðrar konur sem börnin vilja bjóða)

Breyting á skóladagatali

Eins og fram kom á fundi með foreldrum og leikskólastjóra þann 16. Janúar voru gerðar breytingar á skóladagatali. Starfsdagar færðir til, lokað í dymbilviku og opnunartími lengdur um eina viku fram í júlímánuð og því opnað aftur í ágúst einni viku seinna en undanfarið.

Því fellur niður sá dagur sem merktur var foreldraviðtölum á fyrra skóladagatali en við munum reyna að koma þeim fyrir inn í dagskrá hjá okkur í febrúar. Við munum gefa ykkur tíma eins og undanfarið og reynum að koma til móts við ykkur með tímasetningar, þannig að allir eigi að geta komist